

Stjórnarfundur 15.07.2008

15. júlí 2008

Fundargerð Stjórn SSA

Þriðjudaginn 15. júlí 2008. Hornafirði, Húmarhöfnin , kl. 12.30

Mættir eru.: Bj. Hafþór Guðmundsson ,Ólafur Ármannsson , Ólafur Sigurðsson , Guðmundur R. Gíslason , Páll Baldursson, Guðrún Ingimundardóttir , Reynir Arnarson og Baldur Pálsson (varamaður) Forföll boðuðu Guðmundur Ólfsson og Díanna M. Sveinsdóttir.

Fundurinn hófst með hádegisverði í boði Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem mættur var bæjarstjóri Hjalti Vignisson.

Formleg tilkynning um úrsögn úr SSA

Hjalti færði formanni SSA bréf þar sem formlega er tilkynnt úrsögn sveitarfélagsins úr SSA s.m.br. samþykkt bæjarstjórnar 5. júní sl. Fór hann nokkrum orðum um aðdragandann og sagði það ekki hafa verið létt ákvörðun að taka eftir 40 ára farsælt samstarf í SSA . Formaður sagði að virða beri ákvörðun bæjarstjórnarinnar þó að vissulega standi SSA veikara eftir á. Eftir kjördæmabreytinguna 2003 sáu menn fyrir hvert stefndi. Sagði hann að við betra tækifæri muni Hornfirðingum þakkað fyrir gott samstarf í SSA um leið og hann óskaði þeim velfarnaðar í samstarfi sveitarfélaga í SVSS. Þakkaði formaður veittann hádegisverð.

Eftir hádegisverðinn var síðan fundur settur í fundarsal Húmarhússins (Gamla Kaupfélagshús Austur Skeftfellinga)

1. Fundur settur .

Formaður setti fund og gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár.

2. Fundargerð framkvæmdaráðs SSA 11. júní 2008.

Spurst var fyrir um 3. og 9. lið. Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum .

Fundargerðin síðan staðfest.

3. Frá landshlutasamtökum.

3/1 Fundargerð LHSS 19. júní 2008.

Formaður sagði frá heimsókninni til Austurlands og fór yfir helstu viðburði.

3/2 Minnisblað HBJ 19. júní 2008

Átaksverkefni í evrópskum samstarfsáætlunum.

Rætt var um þáttöku landshlutasamtaka í Evrópuverkefnum , og þá afstöðu formanns og framkvæmdastjóra að SSA fylgist vel með ,(í samstarfi við SSV-SSNV og FV) en verði ekki að svo stöddu beinir þátttakendur t.d. í Open days í haust.

Einnig kom fram að formaður Evrópunefndar Samband.ísl. sveitarfélaga er Smári Geirsson og því hæg heimatökin að fá upplýsingar og bregðast við þegar tími kallar.

3/3 Fundargerð Eyþings 194. fundur 22. maí 2008. Lögð fram.

4. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga .

4/1 Fundargerð 755.fundur 27. júní 2008.

Liðir 3-4-6-8 ræddir . Framkvæmdastjóra falið að senda nýráðnum framkvæmdastjóra Sambandsins Karli Björnssyni heillaóskir og þakkir til fráfarandi framkvæmdastjóra Þórðar Skúlasonar .

4/2 Nýráðning framkvæmdastjóra . Sjá 4/1.

5. Ársreikningur SSA 2007 (Lagður fram á fundinum)

Framkvæmdastjóri lagði fram og fór yfir ársreikninginn.

Á SSA hvílir skuldbinding til greiðslu lífeyris fyrrverandi starfsmanna.(14 einstaklingar.) Samkvæmt tryggingarfræðilegri úttekt nemur hún 48,7 millj..kr. í árslok 2007 og hefur hækkað um 5.3 millj.kr. á árinu.

Skuldbindingin er færð í rekstrareikningi sem aðrir rekstrarliðir þannig: Vextir af lífeyrisskuldbindingu kr 821.312 og hækkun skuldbindinga kr. 4.518.073.

Framlag Jöfnunarsjóðs nam alls kr.16.629.260 og að viðbættum framlögum aðildarsveitarfélaganna (9.017.464) eru heildartekjur á árinu kr.25.646.724.

Afkoma af reglulegri starfsemi er jákvæð um kr. 4.660.916

Rekstrarfkoma ársins með lífeyrisskuldbindingum er neikvæð um 678.469.

Efnahagsreikningurinn sýnir peningalega stöðu án lífeyrisskuldbindinga kr.

22.785.292

Handbært fé í lok ársins er kr. 25.111.730 sem er hækkun frá 2006 kr. 5.550.249.

Samþykkt að ársreikningurinn verði endanlega tekinn fyrir og afgreiddur til aðalfundar á ágústfundi stjórnar.

6. DRÖG Fjárhagsáætlun, endurskoðuð 2008, og áætlun 2009 .

(Framkvæmdastjóri leggur fram og skýrir á fundinum)

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008

Tekjur hækka um kr.1.892.000 v/ hækkanar á áætluðu framlagi úr Jöfnunarsjóði og verða ásamt framlagi aðildarsveitarfélaganna alls kr. 26.592 000 .

Rekstur og sérverkefni (1-6) hækka samtals um kr..1.335.000 og verða kr. 26.771.000
Breytingar skiptast þannig:

1 Laun og launatengd gjöld lækka- um kr. 605.000 og verða 12.036.000

2 Annar stjórnunarkostnaður hækkar+ um kr. 1.250.000 og verður kr. 5.455.000

3 Funda- og ferðakostnaður lækkar um - kr.410..000 og verður kr. 4.510.000

4 Sérverkefni hækka um+ 1.100.000 og verður 5.070.000

5. Keypt áhöld óbreytt er 100.000.

6. Endurgreiðsla Hér. Múl. er óbreytt kr. (400.000)

Vaxtatekjur hækka frá á ætlun um 900.000 og og verða 2.400 .000

Afkoma af reglulegri starfsemi +vaxtatekjur er áætluð jákvæð um kr 2.2 millj. og lagt er til að henni verði m.a. varið til að mæta vöxtum (880.000) af lífeyrisskuldbindingum.

Samþykkt að endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA 2008 verði endanlega afgreidd til aðalfundar á ágústfundi stjórnar.

Fjárhagsáætlun SSA árið 2009

Fjárhagsáætlun ársins 2009 gerir ráð fyrir minna umfangi sérverkefna í rekstri SSA á árinu vegna minni tekna . Framlög sveitarfélaga er áætlað að lækki í heildina um 11.8 % vegna brotthvarfs Sveitarfélags Hornafjarðar úr SSA 31/12 nk. Framlög aðildarsveitarfélaga hækka um 4% frá áætlun 2008.

Framlag Jöfnunarsjóðs er áætlað að lækki um 3.5% % frá endurskoðaðri áætlun 2008 vegna minni skatttekna ríkissjóðs á árinu 2009.

Tekjur eru því áætlaðar að lækki alls um 6.4 % milli ára og verða kr. 24.900.000

Aðrar áætlaðar breytingar frá endurskoðaðri áætlun 2008 eru:

Laun og launatengd gjöld hækka um 4.2% og verða 12.540.000

Annar stjórnunarkostnaður hækkar um 3.7% og verða 5.655.000

Funda- og ferðakostnaður hækkar um 4.6 % og verða 4.715.000

Sérverkefni lækka um 21.7% og verða 3.970.000

Endurgreiðslur Héraðsnefndar óbreyttar eða (400 þus.)

Afkoma af reglulegri starfsemi með vaxtatekjum er áætluð jákvæð um 678 þús kr. og lagt er til að henni verði varið til að mæta vaxtagreiðslum af lífeyrisskuldbindingum.

Stærstu verkefni í sérverkefnum eru þáttaka í Vaxtarsamningi , Söguritun SSA , og endurskoðun á skipulagi og starfsemi SSA.

Samþykkt að fjárhagsáætlun SSA 2009 verði endanlega afgreidd til aðalfundar á ágústfundi stjórnar.

7. Samþykkt bæjarstjórnar ,Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 5. júní 2008.

Sjá upphaf fundargerðar : Úrsögn úr SSA

Niðurlag samþykktar bæjarstjórnarinnar :

Um leið og bæjarstjórn Hornafjarðar þakkar sveitarfélögum á Austurlandi samfylgdina í fjóra áratugi og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni stendur hugur sveitarstjórnarmanna á Hornafirði til þess að hefja farsælt og gott samstarf við sveitarfélög á Suðurlandi. Það er því tillaga meirihluta bæjarstjórnar Hornafjarðar að Sveitarfélagið Hornafjörður gangi úr SSA í Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi Samþykkt með 5 atkvæðum og 2 sitja hjá.

R.A. og G.I. sögðu að hér væri um samþykkt að ræða , sem m.a. leiði af afgerandi úrslitum í skoðanakönnun meðal bæjarbúa á sínum tíma.G.R.G vakti athygli á að samþykktin hafi ekki verið samhljóða. R.A. og G.I. sögðu að tímasetningin en ekki úrsögnin hafi verið það sem skildi á milli.

Formaður ítrekaði orð sín frá í hádegisverðinum.

8 A: Úthlutun ORKURÁÐS til Jarðhitaleitar 7. júní 2008.mótvægisaðgerð B:Styrkir Menntamálaráðuneytis til mótvægisaðgerða 11. júlí 2008

A: Orkuráð úthlutaði 172 milljónum til jarðhitaleitar á 29. stöðum. Úthlutunin er að sögn ráðsins að mestu liður í mótvægisaðgerðum sjórvalda vegna þorskaflaskerðingar10 verkefni á Austurlandi fengu styrki alls að upphæð kr. 75.millj

B: Menntamálaráðherra hefur veitt 180. milljónum til menntaverkefna á landsbyggðinni .Alls 49.9 milljónir koma í hlut Austurlands þar af Hornafjörður 25.millj. Þekkingarnet Austurlands og framhaldsskólarnir á Austurlandi fengu 24.9 millj. Í umræðum stjórnarmanna kom fram að rétt væri að skoða hvernig mótvægisaðgerðir stjórnvalda hafi skilað sér til þeirra byggðarlaga sem urðu fyrir skerðingunni. Framkvæmdastjóra falið að safna saman upplýsingum frá sjávarbyggðunum á Austurlandi .

9 Staða – verkefna :

9/1Norðausturnefndin : framhaldsvinna .

Formaður sagði frá því að framkvæmdastjóri hafi átt fund í Reykjavík með formanni NAN nefndar Halldóri Árnasyni eftir fundinn á Egilsstöðum 26. júní.

Þar kom fram að H.Á. lítur svo á að Austfirðingarnir hafi hafnað tillögum nefndarinnar á fundinum og það sé ekki vilji nefndarinnar að vinna áfram með tillögurnar geng vilja Austfirðinga. Framkvæmdastjóri sagði að fundurinn á Egilsstöðum hafi þróast með þeim hætti að umræðan náði ekki að ræða þó það jákvæða sem var í tillögunum eða hvernig mætti vinna með þær áfram.

Óskaði hann eftir því fyrir hönd “baklandsins” að H.Á komi austur til viðræðu við heimamenn um samstarf við frekari úrvinnslu á tillögum nefndarinnar.

H. Á . sagði að ef vilji austfirðinga væri til þess að vinna með ráðuneytum og nefndinni að frekari útfærslu á tillögunum og verkefninu væri hann fús til þess að koma austur. Formleg beiðni um fund með H.Á hefur nú borist honum eftir fund í baklandinu á Seyðisfirði í sl viku . Fundurinn verður í byrjun ágúst eftir sumarfrí og ætla má að í framhaldinu hefjist vinna við að útfæra tillögurnar með heimamönnum .

9/2 Sorpverkefni SSA.

Skýrsla Mannvits verkfræðistofu , “Skýrsla um úrgangsmál á Austurlandi 2008” liggur nú fyrir og hefur verið send nokkrum fyrirtækjum sem sérhæft hafa sig í meðhöndlun og lausnum. Óskað var eftir því að þau setji fram hugmyndir/tillögur sínar um heildarlausn fyrir landshlutann . Tillögur eiga að berast fyrir 1. sept. nk.

Starfshópur SSA mun síðan vinna með og fara yfir tillögurnar og kynna á aðalfundi SSA á Djúpavogi í haust.

10 Bréf og efni sem borist hefur :

10/1 Fjarðabyggð 12. júní -Samgöngur á Austurlandi .

Samþykkt að vísa til Samgöngunefndar SSA.

10/2 Djúpivogur 27. júní – Kosningar skv. 14.gr. sveitarstjórnarlaga .

Lagt fram til kynningar.

11 Önnur mál.

11/1 Ný lög um leikskóla grunnskóla og framhaldsskóla.

Menntamálaráuneytið lýsir sig reiðubúið til að senda fulltrúa á ársfundi landshlutasamtakanna, sem þess óska til að kynna breytingarnar.

Formaður leggur til að þetta boð verði þegið og felur framkvæmdastjóra að hafa samband við ráðuneytið vegna þessa. *Samþykkt samhljóða.*

11/2 Breytingar á samþykktum SSA.

Framkvæmdastjóri sagði að nú lægi fyrir að breyta þyrfti samþykktum SSA .

1. Vegna úrsagnar Hornfirðinga þarf að breyta kjöri til stjórnar. Svæðum fækkar og um leið er nærtækt að skoða með fækkun stjórnarmanna um tvo.

2. Fyrir liggja óskir um að breikka megi val tilnefninga á fulltrúum sem tilnefna má til aðalfundar :M.a verði horft til sérhæfðra starfsmanna sveitarfélaga.

Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri vinni tillögur til stjórnar um 1 og 2 sem liggja fyrir næsta stjórnarfundi í ágúst.

11/3 Stjórnarfundur í ágúst.

Ágúst fundur stjórnar verður á Vopnafirði í viku 35 (25.-29.)

Stjórnarfundur Héraðsnefndar Múlasýslna verður að loknum stjórnarfundi SSA.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi kl. 15.45.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson.

Að loknum stjórnarfundi þáðu stjórnarmenn boð sveitarstjórnar Hornafjarðar í stutta óvissuferð. Bæjarstjóri Hjalti Vignisson var leiðangursstjóri.

Ekið var sem leið lá á Mýrarnar undir leiðsögn heimamanna. og stöðvað á stórbýlinu Flatey þar sem áður var rekin graskögglaferksmiðja. Nú er í uppbyggingu þar stærðar kúabú með ca. 250 gripi en stefnan er sett á 700 gripi mjólkandi

Bústjóri Eydís Benediktssdóttir fór með stjórnarmönnum um fjósið og byggingarnar og sagði frá fyrirætlunum eigenda til framtíðar og sýndi þeim sjálfvirknina við mjólkun og mötun kúnna.

Þaðan var ekið að Fláajökli þar sem stíflumannvirki frá 1937 voru litin augum og aðstaða fyrir ferðamenn sem er í byggingu.

Á heimleið var komið við á Brunnhóli hjá Sigurlaugu og Jóni Kristni Tóku þau hjón vel á móti stjórnarmönnum Þar er nú rekin myndarleg bændagisting sem er í mikilli sókn.Heimalagaður Ís þeirra hjóna þótti bragðast vel.

Formaður þakkaði heimönnum Hjalta ,Reyni og Guðrúnu skemmtilega kynnisferð.